

séð, að ástæða hafi verið til frestunar á nefndum lögmæltum aðgerðum.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 600,00.

Dómsorð:

Hinar kærðu ákvarðanir héraðsdóms eru úr gildi felldar, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Þorsteinn Jónsson, greiði sóknaraðilja, Jóni Gíslasyni, kr. 600,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 51/1958. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)

gegn

Gunnlaugi Stephensen (Páll S. Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál út af brottvikningu úr opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1958, gerir *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og að felld verði niður ómerking á orðinu „drykkjumaður“ í greinargerð lögmanns hans fyrir héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 16. júní 1958, gerir *aðallega* þær kröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum allt að kr. 827.080,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess, að ómerking héraðsdómara á orðinu „drykkjumaður“ verði staðfest. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Sannað er, svo sem í héraðsdómi greinir, að gagnáfrýjandi var með áhrifum áfengis við framkvæmd tollgæzlustarfa morguninn 22. marz 1953. Vætti vitna hníga og að því, að oftari hafi sézt vín á honum, er hann var á tollverði. Enn fremur hefur honum verið brugðið um ólögmetar fjarvistir frá starfi og óstundvísi, en þær sakir eru ekki á hann sannaðar gegn andmælum hans, og sama máli gegnir um ásökun um vanrækslu af hendi hans um að ganga eftir skilríkjum um gin- og klaufaveiki.

Gagnáfrýjanda var veitt áminning með bréfi fjármálaráðuneytisins 9. janúar 1948 í tilefni af misfellum í starfi. Ósannað er gegn andmælum hans, að hann hafi síðar hlotið áminningu eða viðvörðun frá yfirboðurum sínum. Fjármálaráðuneytið vék honum úr starfi með bréfi 30. marz 1953, og tók frávikning gildi 1. apríl s. á. Ekki var honum veittur kostur á að skýra málið af sinni hálfu, áður en frávikning var ráðin. Fyrirvaralaus frávikning ráðuneytisins var að svo vöxnu máli ekki á nægum rökum reist, sbr. og 19. gr. laga nr. 33/1935, og þykir gagnáfrýjandi af þeim sökum eiga rétt á bótum úr hendi aðaláfrýjanda. Þykja þær með tilliti til hegðunar gagnáfrýjanda og annarra mála-vaxta hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00 ásamt vöxtum svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ómerkingu héraðsdómara á orðinu „drykkjumaður“ í greinargerð lögmanns aðaláfrýjanda, þar sem það er ekki nægjanlega réttlætt.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að

greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4.000,00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Gunnlaugi Stephensen, kr. 20.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags.

Omerkingarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 4.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Gunnlaugur Stephensen, fyrrum tollgæzlumaður, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 13. desember 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 827.080,00, með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* stórlegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi enn fremur þess, að orðið „drykkjumaður“ um hann í greinargerð stefnda verði dæmt ómerkt.

Málavextir eru þeir, að með bréfi fjármálaráðherra, dags. 24. september 1947, var stefnandi skipaður tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli. Í janúarmánuði 1948 sendi þáverandi yfirtollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli, Ragnar Halldórsson, fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem hann kvartaði við ráðuneytið um vanrækslu stefnanda og annars tollgæzlumanns í starfi. Kvað yfirtollgæzlumaðurinn vanrækslu þessa vera óstundvísi og kæruleysi og óreglu í meðferð áfengis. Óskaði yfirtollvörðurinn þess sérstaklega, að þeim félögunum yrði gefin alvarleg áminning, en þeir ekki látnir hætta störfum. Yfirtollgæzlumaðurinn sýndi þeim félögunum bréfið til ráðuneytisins, og gáfu þeir vottorð um það að hafa séð kærubréfið.

Af þessu tilefni ritaði fjármálaráðuneytið stefnanda og félag hans bréf, dagsett 9. janúar 1948. Segir í bréfi þessu, að fjár-

málaráðuneytið vilji að tillögum yfirtollgæzlumannsins gefa þeim kost á að halda stöðum sínum áfram, enda ræki þeir störf sín svo framvegis, að ekki verði að fundið, og muni ráðuneytið að mánuði liðnum leita umsagnar yfirtollgæzlumannsins um þá hluti. Beri þetta ekki árangur, verði þeir látnir víkja úr störfum án frekari aðvörunar, sem og hvenær sem sækja kynni í fyrra horf um háttsemi þeirra. Hinn tollgæzlumaðurinn, er bréf þetta tók til, var látinn hætta störfum um mitt það sama ár, en stefnandi hélt áfram störfum.

Í marzmánuði 1953 var yfirtollgæzlumaðurinn, Guðmundur Friðrik Guðmundsson, í orlofi. Starfi hans gegndi þá Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, en hann hafði þó eigi sérstaka skipun sem slíkur. Hinn 27. marz ritaði Egill Þorsteinsson bréf til fjármálaráðuneytisins, þar sem hann kvartar yfir hegðun tveggja tollgæzlumanna, annars þeirra stefnanda. Segir Egill í bréfi þessu, að hann telji, að ekki megi lengur við una, hvernig tollgæzlumenn þessir hafi vanrækt störf sín. Um stefnanda segir Egill í bréfinu, að hann hafi mætt á verði hinn 22. marz og þá svo drukkinn, að hann hafi verið ófær til vinnu. Hafi Guðmundur Friðrik yfirtollgæzlumaður orðið að taka að sér varðstöðuna. Í annað skipti, er Ragnar Halldórsson hafi verið yfirtollgæzlumaður, hafi hann, Egill, verið vakinn að næturlagi og kallaður á vörð, þar sem stefnandi hafi eigi fundizt, en 20 farþegar beðið afgreiðslu. Stefndandi hafi fengið aðvaranir hvað eftir annað, bæði frá Ragnari Halldórssyni, Guðmundi Friðriki Guðmundssyni og Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Segir enn fremur í bréfinu, að báðir þessir menn, stefnandi og starfsbróðir hans, hafi hvað eftir annað verið ölvadír við skyldustörf sín, mætt of seint á vörð eða farið of snemma af verði og nokkrum sinnum alls ekki mætt. Telur Egill Þorsteinsson í lok bréfsins, að róttækra ráðstafana sé þörf, ef tollgæzlan eigi að geta þjónað tilgangi sínum.

Þessu bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins fylgdi bréf frá Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá hafði lögsögu á Keflavíkurflugvelli. Segir fulltrúinn í bréfi sínu, að hann hafi þá um veturinn (1952—1953) gefið báðum umræddum tollgæzlumönnum munnlega aðvörun, vegna þess að hann hafi komizt að því, að þeir hafi farið af verði löngu fyrir tilskilinn tíma. Hafi hann þá aðvarað menn þessa og getið þess, að athæfi þetta kynni að varða þá stöðumissi. Segir fulltrúinn síðan, að persónulega hafi hann

ekki staðið umrædda tollgæzlumenn að misferli því, sem um ræðir í bréfi Egils Þorsteinssonar, en hins vegar hafi honum borizt til eyrna, að slíkt misferli ætti sér stað, og af perónulegum kynnum sínum af Agli Þorsteinssyni sé hann þess fullviss, að bréf Egils sé í hvívetna sannleikanum samkvæmt, og sé hann eindregið meðmæltur því, að mönnum þessum verði veitt lausn frá störfum hið fyrsta.

Með bréfi frá fjármálaráðuneytinu, dags. 30. marz 1953, er stefnanda fyrirvaralaust vikið úr starfi, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, fulltrúi hans á flugvellinum og settur yfirtollgæzlumaður hafi tilkynnt ráðuneytinu, að hann hafi á ýmsan hátt brotið stórlega af sér í starfi sem tollgæzlumaður og ekki látið skipast við aðvaranir.

Stefnandi gerði tilraunir til þess að fá fjármálaráðuneytið til að breyta ákvörðun sinni. Ráðuneytið ritaði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf, dags. 25. apríl 1953, og óskaði umsagnar hans um það erindi. Sýslumaðurinn lét taka utanréttarskýrslur af þeim mönnum á flugvellinum, sem líklegastir voru taldir til að geta gefið upplýsingar um störf stefnanda og samstarfsmanns hans, er áður getur. Sendi sýslumaður skýrslur þessar til ráðuneytisins og gat þess, að með því að honum væri ekki persónulega það vel kunnugt um störf tollgæzlumanna að geta af eigin raun dæmt um þau, hafi hann engu við skýrslurnar að bæta.

Tilraunir stefnanda urðu árangurslausar, og hefur hann ekki starfað frekar í þjónustu ríkisins.

Í máli þessu reisir stefnandi kröfur sínar á því, að honum hafi ólöglega verið sagt upp starfi. Hann hafi verið stjórnskipaður opinber starfsmaður, og samkvæmt íslenskum réttarreglum hafi hann því átt kröfu til að gegna starfanum með fullum launum, þar til aldurshámarki væri náð. Núgildandi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem séu aðeins lögfesting á eldri réttarreglum og venjum, sem farið hafi verið eftir, mæli skýrt fyrir um það, hvernig fara skuli að við lausn úr starfi. Þar sé svo fyrir mælt, að ef starfsmaður sýni af sér tiltekna misfellur í starfi, þá skuli veita honum áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Ef slíkt dugi eigi, þá sé rétt að veita honum lausn, en aðeins um stundarsakir. Áður en lausn er veitt fyrir fullt og allt af þessum sökum, skuli þegar rannsaka mál starfsmannsins, svo að upplýst verði, hvort rétt sé að veita honum lausn að fullu. Að þessu öllu undangengnu þurfi að liggja

fyrir miklar sakir starfsmannsins og að fullu sannaðar, svo að heimild sé til brottvikningar fyrir fullt og allt. Fjármálaráðuneytið hafi virt reglur þessar að vettugi við brottvikningu stefnanda. Það fái í hendur órökstuddar sögusagnir, kanni réttmæti þeirra á engan hátt, en segi stefnanda upp starfi fyrirvaralaust. Hér hafi því verið um algerlega ólöglega og óréttmæta uppsögn að ræða af hálfu fjármálaráðuneytisins, og sé stefnda skylt að bæta allt það tjón, er af því hafi leitt fyrir stefnanda.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi verið búinn að fá áminningu fyrir vanrækslu í starfi. Í þeirri áminningu hafi skýrt verið tekið fram, að hvenær sem í sama horf sækti, yrði hann látinn víkja úr starfi án frekari aðvörunar. Stefnandi hafi ekki látið skipast við aðvörun þessa, heldur haldið áfram fyrra hátterni sínu. Það hafi eingöngu verið vegna undanlátssemi yfirboðara stefnanda, að ekkert hafi verið í málinu gert fyrr en í marzmánuði 1953. Það hafi því verið fullkomin ástæða fyrir því að víkja stefnanda úr starfi án fyrirvara. Starf tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli, þar sem flugvélar koma og fara á öllum tíma sólarhrings, krefjist þess, að það sé rækt fullkomlega, bæði að því leyti, að tollgæzlumenn verði að vera við á þeim tíma, sem tilskilið sé, og eins, að þeir séu með sjálfum sér. Stefnandi hafi vanrækt þessi störf sín mjög stórlega. Hann hafi stundum ekki mætt á vörð eða verið svo á sig kominn af áfengisáhrifum, að hann hafi verið ófær eða illfær til starfa. Stefnandi hafi óskað eftir því við fjármálaráðuneytið, að það afturkallaði brottvikninguna. Það erindi hafi verið sent sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til umsagnar. Sýslumaðurinn hafi látið taka utanréttarskýrslur af nokkrum mönnum, sem möguleika hafi haft til þess að fylgjast með starfsferli stefnanda. Skýrslur þessar hafi í öllu staðfest það, sem áður hafi verið komið fram um misfellur stefnanda. Það hafi því verið fullkomin rök til brottvikningar.

Varakrafa stefnda er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of hátt reiknuð. Stöðu tollgæzlumanns á Keflavíkurflugvelli verði að telja óvissa til frambúðar. Stefnandi mátti vita, að staða hans yrði ekki til æviloka vegna þeirrar sérstöku aðstöðu, sem er á Keflavíkurflugvelli.

Allmikill fjöldi vitna hefur komið fyrir dóm í málinu, og verða framburðir þeirra nú raktir.

Egill Þorsteinsson tollgæzlumaður, sá er skrifaði framangreint kærubréf til fjármálaráðuneytisins, staðfesti frásögn sína í bréf-

inu um ölvun stefnanda hinn 22. marz 1953 svo og annað, er í því bréfi greinir. Hann kvaðst hafa tekið við yfirtollgæzlustarfinu um 3—4 dögum áður en hann hafi ritað kærubréfið. Hafi mikið borið á óstundvísi stefnanda, eftir að hann, Egill, hafi tekið við yfirtollgæzlustarfinu, og hafi stefnandi verið drukinn á verði í eitt skipti á þeim tíma. Hafi þetta verið aðalástæða fyrir því, að hann hafi ritað kærubréfið. Egill kvaðst hafa haft samráð við Jón Finnsson sýslumannsfulltrúa, áður en hann hefði ritað kærubréfið.

Jón Finnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, kvaðst, eins og áður segir, ekki hafa staðið stefnanda persónulega að misferli því, er um ræðir í kærubréfi Egils Þorsteinsonar, að því undanteknu, að hann kvaðst í eitt skipti hafa komið að því, að stefnandi hefði farið af verði, fyrr en honum hafi borið. Hafi hann átt tal við stefnanda vegna þessa, og hafi hann aðvarað stefnanda munnlega. Hafi stefnandi tekið aðvöruninni vel, viðurkennt brot sitt og lofað, að slíkt skyldi ekki koma fyrir aftur.

Guðmundur Friðrik Guðmundsson yfirtollgæzlumaður kvaðst hafa tekið við yfirtollgæzlustarfinu um áramótin 1951—1952. Hann kvað eitthvað hafa verið um óreglu hjá stefnanda og að hann hefði gefið stefnanda áminningu að minnsta kosti einu sinni. Hvenær það hefði verið, kvaðst hann ekki muna, en minnti, að það hefði verið einhvern tíma um sumarið 1952. Hann kvað áminningu sína hafa verið munnlega og almenna umvöndun. Hann kvaðst ekki halda, að hann hefði hótað stefnanda brottrekstri, en bent honum á, til hvers óregla hans gæti leitt, og kvaðst þá hafa átt við, að stefnandi yrði að víkja úr starfi. Guðmundur Friðrik kvaðst muna eftir atviki því hinn 22. marz 1953, sem getið er í kærubréfi Egils Þorsteinssonar. Kvaðst hann hafa komið snemma morguns í tollafgreiðsluna, séð stefnanda og hafa ekki getað betur séð en stefnandi væri undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst ekki hafa falið Agli Þorsteinssyni að gera sérstakar ráðstafanir vegna óreglu stefnanda, og hann kvaðst mundu hafa gert slíkt sjálfur, hefði hann talið það nauðsynlegt. Síðar, er Guðmundur Friðrik kom aftur fyrir dóm og var inntur eftir þessu síðastnefnda, kvað hann frekar hafa verið um að ræða, að hann hafi veigrað sér við að gera einhverjar ráðstafanir gagnvart stefnanda, þar sem það hefði óhjákvæmilega leitt til þess, að stefnandi mundi missa stöðu sína. Í þessu síðara þinghaldi kvað Guðmundur Friðrik, að um hvort tveggja hefði verið að ræða, að stefnandi

hefði verið fjarvistum frá störfum vegna áfengisneyzlu og unnið störf sín undir áhrifum áfengis.

Ragnar Halldórsson, er var yfirtollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli til áramóta 1951—1952, skýrði svo frá, að í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hinn 5. janúar 1948 hefði ekki verið átt við það, að stefnandi hefði gegnt tollgæzlustörfum undir áhrifum áfengis, en kvaðst telja, að áfengisneyzla hefði valdið því, að stefnandi hefði verið fjarvistum frá skyldustörfum. Ragnar kvað stefnanda, eftir að hann hefði fengið áminninguna frá fjármálaráðuneytinu, hafa leyst störf sín svo af hendi, að ekki hefði verið að fundið, meðan hann, Ragnar, hefði starfað sem yfirmaður hans.

Sigfús Sigurður Kristjánsson tollgæzlumaður kvað þá stefnanda ekki hafa verið saman á verði, en kvaðst þó hafa tvisvar eða þrisvar séð hann ölvaðan, þegar stefnandi hafi verið að fara af verði, en hann að koma á vörð.

Guðbrandur Þorsteinsson lögregluþjónn kvaðst í febrúar eða marzmánuði 1953 hafa af tilviljun komið inn í tollstöðina um klukkan 06.45, er hann hafi verið að leita að Elíasi Jóni Jónssyni lögregluþjóni. Þar hafi verið fyrir stefnandi og þrír menn aðrir, og hafi þeir allir verið ölvaðir, að því er honum hafi virzt, og hafi þeir sungið. Þeir hafi allir staðið í hnapp á gólfinu, patandi hver framan í annan, en Guðbrandur kvaðst ekki hafa tekið eftir því, hvort þeir hefðu verið með glös í höndum. Hefði sér virzt á söng þeirra og útliti, að þeir hefðu greinilega allir verið ölvaðir, en hann kvaðst ekki hafa stanzað nema augnablik þar í tollstöðinni. Í annað skipti, einhvern tíma áður en síðastnefndur atburður hefði átt sér stað, kvaðst Guðbrandur hafa verið staddur hjá Guðmundi Friðriki yfirtollgæzlumanni að kvöldi til. Hefði þá hringt Elías Jón Jónsson lögregluþjónn frá tollstöðinni og beðið Guðmund Friðrik að koma þangað, þar eð stefnandi og sá tollgæzlumaður, er með honum hefði þá átt að vera á verði, væru þar eigi. Hefði Guðmundur Friðrik farið að sinna þessu, og kvað Guðbrandur Guðmund Friðrik síðar hafa tjáð sér, að hann hefði orðið að vera á verði fram yfir miðnætti. Guðmundur Friðrik staðfesti þetta síðastnefnda atvik rétt, er það var þorið undir hann fyrir dómi. Guðbrandur kvað sér persónulega vera kunnugt um, að í eitt skipti hefði það komið fyrir, að stefnandi hefði sifið í bragga þeim, er Guðbrandur hefði búið í, að næturlagi, er hann hefði átt að vera á verði.

Elías Jón Jónsson lögregluþjónn kvaðst almennt ekki hafa fylgzt með því, hvornig stefnandi hefði mætt á vörð. Hann

kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði í eitt skipti, hafi Guðbrandur Þorsteinsson að minnsta kosti séð hann þá einnig. Síðar, er Elías Jón kom fyrir dóm, var hann spurður um það, hvernig honum hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði verið á verði í umrætt skipti. Elías Jón svaraði því orðrétt: „Ég tel það liggja í augum uppi, að fulltrúinn mundi ekki fara að spyrja um ölvun stefnanda, er hann var ekki á vakt, þar sem slíkt mundi vera málinu algerlega óviðkomandi.“ (Átt er við Björn Sveinbjörnsson, fulltrúa sýslumannsins, er tók fyrrgreindar utanréttarskýrslur, er sendar voru fjármálaráðuneytinu.)

Ólafur Viggó Thordersen lögregluþjónn kvaðst hafa séð stefnanda ölvaðan á verði í eitt skipti. Hefði það verið sunnudagsmorguninn 22. marz 1953. Hefði Guðmundur Friðrik beðið hann þá, laust fyrir kl. 06.00, án þess að hafa tilgreint ástæðu, að taka stefnanda með sér frá tollstöðinni og niður í herskalahverfi. Hefði hann þá séð, að stefnandi hefði verið töluvert drukkin. Kvað Ólafur Viggó sér hafa verið kunnugt um, að stefnandi hefði verið á verði.

Guðmundur Friðrik staðfesti þá frásögn Ólafs Viggós, að hann hefði beðið hann að fara með stefnanda.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn kvað ekki hafa náðst til stefnanda oftari en í eitt skipti, þegar hann hefði átt að vera á verði. Hann kvaðst oftari en í eitt skipti hafa séð stefnanda ölvaðan á verði. Í eitt skipti hefði hann komið í einkaherbergi tollvarðanna. Þar hefði þá stefnandi verið í einkennisfötum og fjórir aðrir menn. Hefðu þeir allir verið ölvaðir og með vín með sér. Hefði Egill Þorsteinsson þá komið inn og haft á orði við stefnanda, að ófært væri að vera að drykkju þarna, og hefði Egill beðið stefnanda að koma mönnum í burtu. Hefði stefnandi verið áberandi ölvaður.

Bergmundur Guðlaugsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hefði mætt til vinnu né hvernig hann hefði rækt starf sitt. Hann kvað það hafa komið fyrir, að hann hefði séð stefnanda ölvaðan á verði, meðal annars í eitt skipti, nokkru áður en stefnandi hefði hætt störfum.

Albert Albertsson lögregluþjónn kvaðst ekki hafa fylgzt með því, hvernig stefnandi hefði mætt til vinnu né hvernig hann hefði rækt starf sitt. Hann kvaðst í eitt skipti, sumarið 1952, hafa séð stefnanda drukkin á verði. Hefði stefnandi þá verið einkennisklæddur og verið að sýsla við starf sitt.

Sigurður Grétar Finnbogason lögregluþjónn kvaðst hafa komið

í tollstöðina rétt eftir kl. 13.00 dag einn síðari hluta marzmán-
aðar 1953. Hefði stefnandi verið þar, og hefði hann verið að tala
í síma. Sigurður Grétar kvað sér hafa virzt stefnandi augskýni-
lega ölvaður. Hefði hann haldið, að stefnandi væri á verði, en
farið án þess að tala við hann.

Lögregluþjónarnir Þórarinn Fjeldsted Guðmundsson, Sigurður
Sigurðsson, Lárus Kristján Pétursson og Helgi Nikulás Vestmann
kváðust aldrei hafa séð stefnanda ölvaðan á verði eða mæta
til vinnu ölvaðan.

Nokkrir starfsmenn flugvélaafgreiðslunnar á Keflavíkurflug-
velli hafa komið fyrir dóm. Örygur Þorvaldsson kvaðst hafa
haft með höndum á tímabilinu 1948—1953 að tilkynna tollgæzl-
unni um komu flugvéla. Hann kvað oft hafa verið erfitt að ná
til stefnanda til að sinna skyldustörfum, þá er hann hefði átt að
vera á verði. Hefði það ýmist verið, að hann hefði ekki fundizt
í tollstöðinni, eða verið sofandi og ekki sinnt um að svara, þó
að kallað hefði verið til hans. Örygur kvaðst hafa séð stefn-
anda ölvaðan, þá er hann hefði átt að vera á verði. Hefði það
verið á því tímabili, er Ragnar Halldórsson hefði verið yfirtoll-
gæzlumaður.

Gústaf Héðinn Jóhannesson kvaðst hafa verið við flugafgreiðsl-
una síðan í aprílmánuði 1947. Hann kvaðst ekki hafa gert sér
far um að fylgjast með störfum stefnanda, og kvaðst hann ekki
hafa orðið var við, að hann rækti störf sín verr en aðrir toll-
gæzlumenn. Hann kvað það hafa komið fyrir, án þess að geta
munað einstök tilfelli, að hann hefði séð stefnanda ölvaðan, er
hann, Gústaf, hefði vitað, að stefnandi hefði átt að vera á verði.

Skapti Þóroddsson kvaðst hafa orðið þess var, að stefnandi
hefði ekki verið við, þegar á honum hefði þurft að halda, og
jafnvel séð hann ölvaðan á verði, án þess þó að geta tímasett
einstök atvik.

Ingimar Ingimarsson kvað sig ekki reka minni til að hafa
nokkru sinni séð stefnanda ölvaðan á verði, en hann kvað sér
vera kunnugt um, að það hefði brugðizt, að stefnandi hefði farið
út í þær vélar, sem ekki hefðu flutt farþega, til að sækja pappira
varðandi gin- og klaufaveiki.

Kristbergur Guðjónsson og Ingi Friðbjörn Gunnarsson kváðust
aldrei hafa séð stefnanda ölvaðan á verði eða vitað til, að hann
hefði vanrækt störf sín á annan hátt. Kristbergur kvaðst hafa
unnið við flugafgreiðsluna um þriggja ára skeið, þegar skýrsla
var af honum tekin vorið 1953, en Ingi Friðbjörn síðan árið 1948.

Nokkur fleiri vitni en nú hafa verið talin hafa borið vætti. Er það starfsfólk ýmissa starfsgreina á Keflavíkurflugvelli. Vætti þess fólks er samhljóða á þann veg, að það hafi ekki séð stefnanda ölvaðan við starf sitt.

Stefnandi hefur algerlega mótmælt því að hafa verið ölvaður við störf sín eða á annan hátt brotið af sér í starfi. Hann kvaðst hafa verið aðeins 22 ára gamall, er hann hefði fengið bréf fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948. Hann kvað um það leyti mikla óreglu og drykkjuskap hafa verið á Keflavíkurflugvelli, og hefði það leitt af sjálfu sér, að illt hefði verið að komast hjá því í frítímum að verða að einhverju leyti þátttakandi. Ragnar Halldórsson, er þá hefði verið yfirtollgæzlumaður, hefði átt bágnt með að þola slíkt, og í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hefði hann ekki borið stefnanda þeim sökum að hafa verið ölvaður við störf. Stefnandi kvaðst ekki hafa þorað að mótmæla bréfi fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948 af ótta við, að slíkt kynni að valda ófriði milli hans og Ragnars Halldórssonar, enda hefði hann verið óhræddur við það, að störf hans þá eða síðar mundu gefa tilefni til refsiaðgerða af hálfu yfirboðara hans. Kvaðst stefnandi ekki betur vita en hann hefði unnið störf sín sem tollgæzlumaður af kostgæfni allan þann tíma, er hann hefði unnið þau störf. Hefði hann starfað í fjögur ár undir stjórn Ragnars Halldórssonar, eftir að hann (stefnandi) hefði fengið bréf fjármálaráðuneytisins frá 9. janúar 1948, og síðan rúmlega eitt ár undir stjórn Guðmundar Friðriks Guðmundssonar. Kvaðst stefnandi á þessum tíma aldrei hafa fengið neinar aðvaranir eða áminningar fyrir vanrækslu í starfi, og mótmælir hann sérstaklega að hafa fengið slíkt frá Guðmundi Friðriki. Hins vegar hafi Guðmundur Friðrik veitt tollgæzlumönnunum ráðleggingar, gert sínar athugasemdir við störf þeirra og stundum fundið að, ef honum hafi fundizt ástæða til. En slíkt hafi aðeins verið eðlilegt eftirlit yfirmanns með starfsliði sínu. Hafi Guðmundur Friðrik meðal annars oft falið stefnanda að gæta verkstjórnar í tollgæzlunni, þá er hann hafi verið fjarvistum.

Stefnandi hefur mótmælt því algerlega að hafa verið ölvaður eða með áfengisáhrifum hinn 22. marz 1953, svo sem lýst er í bréfi Egils Þorsteinssonar til fjármálaráðuneytisins. Hann kvaðst hafa mætt á verði kl. 21.00 föstudaginn 20. marz allsgáður og í alla staði í bezta ásíggjumlagi. Hann kvaðst síðan hafa verið á verði til kl. 9.00 á laugardagsmorguninn hinn 21. marz. Hefði

hann þá tekið við helgidagsverði og því haldið áfram vinnu allan laugardaginn og fram til kl. 6.00 á sunnudagsmorguninn 22. marz. Hefði Guðmundur Friðrik þá boðið honum að fara til að hvílast, og hefði hann þegið það, þar sem hann hefði verið orðinn þreyttur. Klukkan 12.00 á hádegi hefði hann komið aftur til að halda áfram verðinum, sem hefði átt að vera til kl. 21.00 um kvöldið. Guðmundur Friðrik hefði þá sagzt ætla að vera í skrifstofunni um daginn og því tjáð stefnanda, að hann mætti fara.

Að öðru leyti hefur stefnandi mótmælt öðrum atriðum í margnefndu bréfi Egils Þorsteinssonar sem ósannindum og einnig því að hafa fengið aðvörun frá Jóni Finnssyni fulltrúa. Kvaðst stefnandi minnst þess, að Jón Finnsson hefði í eitt skipti haft orð á, að aldrei mætti skilja tollinn eftir mannlausan. Kvað stefnandi slíkt geta þó komið fyrir, ef einn tollgæzlumaður væri á verði og þyrfti að sinna jafnhliða störfum annars staðar.

Stefnandi mótmælir því algerlega að hafa verið ölvaður í það sinn, er Egill Þorsteinsson hafi komið í tollgæzluna og séð og heyrt hann ásamt þremur öðrum mönnum vera syngjandi. Þessir þrír menn hafi verið ölvaðir, en stefnandi alls ekki. Kvað stefnandi mikið hafa verið um mannaferðir um hóbýli tollgæzlunnar, bæði drukkið og ódrukkið fólk, til þess að fá afnot síma, salernis eða bíða eftir bílum og þess háttar.

Er stefnanda var sagt upp starfi, voru lög nr. 28/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi í gildi. Það þykir þó mega hafa hliðsjón af ákvæðum þeirra við úrlausn máls þessa.

Þegar virtir eru framangreindir vitnaframburðir, þá þykir verða að telja sannað, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum á verði morguninn 22. marz 1953. Enn fremur þykja vera fram komnar nokkrar líkur fyrir því, að stefnandi hafi í nokkur önnur skipti vanrækt störf sín vegna áfengisneyzlu. Hins vegar er ósannað, að stefnanda hafi verið gefin áminning eða hann verið aðvaraður á annan hátt af yfirboðurum sínum í þau skipti. Verður þó að telja, að hann hafi mátt vænta þess að fá aðvörun, áður en til þess kæmi að svipta hann stöðunni fyrir fullt og allt. Aðvörun sú, er hann fékk frá fjármálaráðuneytinu í janúarmánuði 1948, verður ekki talin nægja að þessu leyti, þegar þess er gætt, hve langur tími var liðinn, frá því hún var veitt stefnanda, og að samkvæmt vætti Ragnars Halldórssonar hafði hún þær verkanir á stefnanda, að hann vann störf sín óaðfinnanlega um fjögurra ára skeið, eftir að hún var

veitt. Verður því að telja, að brottvikning stefnanda án fyrirvara hafi verið óréttmæt. Á stefnandi því rétt á bótum úr hendi stefnda af þeim sökum.

Stefnandi byggir fjárkröfu sína í málinu á útreikningi K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings, dags. 16. október 1953. Tryggingafræðingurinn getur þess, að stefnandi hafi tekið laun eftir X. flokki launalaga starfsmanna ríkisins, og hafi árslaun hans samkvæmt því verið kr. 41.330,88. Gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir þeim launum frá 1. apríl 1953 og til 1. marz 1995. Reiknar hann með 4% vöxtum á ári, dánarlíkum íslenzkra karlmanna samkvæmt reynslu árána 1921—'30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Enn fremur reiknar tryggingafræðingurinn mismun á réttindum og skuldbindingum stefnanda gagnvart lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Er fjárhæð útreiknings tryggingafræðingsins samtals kr. 727.080,00. Að auki krefst stefnandi kr. 100.000,00 fyrir álitshnekki og æruskerðingu vegna hinnar fyrirvaralausú brottvikningar.

Það verður ekki talið, að stefnandi hafi misst tekjuöflunarmöguleika við brottvikninguna, enda er hann ungur maður og með fulla starfsorku. Kemur einnig fram í málinu, að hann hefur haft nokkrar tekjur á því tímabili, sem síðan er liðið. Að þessu athuguðu verður kröfuútreikningur tryggingafræðingsins eigi lagður til grundvallar bótum til stefnanda.

Er stefnandi var skipaður tollgæzlumaður á Keflavíkurflugvelli, var starfræksla flugvallarins af hálfu íslenzka ríkisins nýhafin. Allnokkur óvissa var því þá, hver yrði framtíð flugvallarrekstrar þar, enda var innlend flugstarfsemi eigi bundin við rekstur hans. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur eigi orðið breyting að þessu leyti, nema umferð erlendra flugvéla um flugvöllinn hefur aukizt. Má því telja ósýnt, hverja framtíð starfræksla Keflavíkurflugvallar kann að eiga. Mátti stefnandi því vera við því búinn, að breytingar kynnu að verða gerðar um tilhögun tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar mátti hann ætla, að hann mundi til nokkurrar frambúðar gegna starfi sínu.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, þá þykir stefnandi hafa gefið nokkurt tilefni til þess, að honum var vikið úr starfi.

Til þessa þykir verða að taka tillit við ákvörðun bóta til stefnanda vegna hinnar fyrirvaralausú brottvikningar og álitsspjalla í því sambandi. Að því athuguðu svo og öðru, er að framan er rakið og máli skiptir, þykja þær bætur hæfilega ákveðnar

í heild kr. 45.000,00. Verður stefndi því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá þykir mega fallast á það með stefnanda, að orðið „drykkju- maður“ í greinargerð lögmanns stefnda sé meiðandi fyrir hann, og ber að ómerkja það að kröfu hans.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.500,00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint orð er ómerkt.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnlaugi Stephensen, kr. 45.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 5.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1959.

Nr. 55/1958. **Jón Jónsson** (Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Jón Skaftason hdl.)

og gagnsök.

Dómsmenn:

hæstaréttardómaramennir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál út af niðurskurði á sauðfé.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1958. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 133.236,41 ásamt 6% árs- vöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.